

Ed. 343. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um áburðarverksmiðju á Norðausturlandi í sambandi við Kröfluvirkjun.

Flm.: Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að láta nú þegar hefja undirbúning að gerð verksmiðju er nýti orku frá fyrirhugaðri Kröfluvirkjun til framleiðslu á tilbúnum áburði. Verði verksmiðjan reist í Norður-Þingeyjarsýslu, annað tveggja á Kópaskeri eða við Fjallahöfn, eftir því hvor staðurinn þykir heppilegri með tilliti til hafskipahafnar.

Greinargerð.

Nú eru góðar horfur á því, að takast muni að leysa úr brýnustu þörf norðlendinga fyrir raforku til húshitunar og annars heimilishalds með því að flýta Kröfluvirkjun og þá fyrst með því að fá til afnota þegar á næsta sumri lítinn hverfil, er nýti orku úr tilraunaborholu, sem þegar hefur verið gerð, en síðan, þegar á árinu 1976, að virkja nýjar borholur fyrir 30 megavatta gufuhverfil, og svo loks á árinu 1977 að tengja annan 30 megavatta hverfil við gufuaflíð. Líkur benda til þess, að þá sé enn ónytjað mjög mikið gufuafl á Kröflusvæðinu, og að taka megí með sama hætti og tiltölulega litlum tilkostnaði tuga megavatta orku, þannig að unnt verði að nytja raforku á þessu svæði til iðnaðarframleiðslu.

Nú er svo komið, að mikið vantar á að Áburðarverksmiðja ríkisins í Gufunesi anni áburðarþörf landsmanna. Tilbúinn áburður hefur hækkað svo mikið í verði á síðustu missirum, að til stórvandræða horfir, og raunar sýnt að fjöldi bænda stendur nú þegar ráðþrota gagnvart þessu vandamáli. Líkur benda til þess að áburðarkostnaður á hvert kílógramm af þurrkuðu heyi verði 11—12 krónur á sumri komanda. Ljóst er að raforku verður ekki varið til hagkvæmari nota, svo að samilegt sé, en til áburðarframleiðslu, hvort heldur miðað er við innlendan markað eða útflutning, þar eð hér er um að ræða undirstöðuvöru til matvælaframleiðslu í sveltandi heimi. Það er einnig sýnt, að með skynsamlegri stefnu í virkjunarmálum ættum við að geta orðið aflögufærir um raforku í þessu skyni í sívaxandi mæli á næstu árum.

Enn fremur má telja það auðsætt af áætlunum, sem gerðar hafa verið um hafnargerð við Grundartanga í Hvalfirði, að okkur á að vera tiltækt lánsfé til hafnargerðar á Kópaskeri eða við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu. Þangað er skammt að leiða rafmagn frá Kröflusvæðinu, og brýn þörf fyrir höfn í þágu þjóðlegra atvinnuvega sýslubúa. Yrði hafnargerð á þeim slóðum hin mesta lyftistöng fyrir dreifbýlið, andstætt því sem yrði um hafnargerð við Grundartanga.